

HELSTA VONIN

I

Í ágætri bók amerískri, eftir Christy Borth, sem heitir Modern Chemists and their work (Nútíma efnafræðingar og verk þeirra), er, s. 305, frá því sagt, að nafnkunnur efnafræðingur, H. Strauss, hafi 1937 látið í ljósi þá sannfæringu, að önnur heimsstyrjöld væri alveg yfirvofandi. Verður ekki annað sagt, en að þar hafi verið nokkuð nærrí spáð því sem reyndist.

Ekki síður eftirtektarverð hygg ég muni þykja önnur spá, eða, réttara sagt, ágiskun, byggð á nokkurri nýrri þekkingu — sem lesa má í bók minni Ennýal, og rituð er 7. jan. 1928; en það var nálega áratug áður en ég heyrði Adam Rutherford fyrst nefndan, og kynntist verki hans. En sú spá er þannig: „Og aldrei hefir yfir oss vofað meiri voði en nú. Framtíð mannkynsins, að því er þessa jörð snertir, er undir því komin, hvað gerist á næstu 10—20 árum.“

Ekki verður á móti því borið, að hin mestu stórtíðindi hafa gerst á þeim 17 árum sem liðin eru af þeim tíma, sem tiltekinn var í spánni, og er býsna eftirtekarvert, hve mjög þessu, sem í Ennýal stendur, ber saman við þær niðurstöður, sem Adam Rutherford hefir komist að, er hann rannsakaði Pýramídann mikla. Talar Rutherford um yfirvofandi ófrið meiri en nokkru sinni hafi átt sér stað áður í allri sögu mannkynsins, en segir, að vandræðum muni verða lokið 1948, og muni þá forganga hinnar íslensku þjóðar í þessum eftnum verða komin í ljós og viðurkennd. Og er það að vísu næsta furðuleg spá, og í ólíklegasta lagi, að hún geti sannspá reynst. En þó má segja, alveg með vissu, að rætist hún ekki, þá er von enn verri tíðinda en áður. Því að það eru vísindi,

þó að ný séu, að á jörð, þar sem fram eru komin sannindi þau sem nauðsynleg eru til þess að mannkyni, sem er á glötunarvegi, verði bjargað, aukast hætturnar því meir, því lengur sem þeim sannindum er ekki sinnt. Nú hagar svo til hér hjá oss, að engin líkindi eru til, að mjög þýðingarmiklum nýjum hugsunum mundi verða mikill gaumur gefinn, eða undir þær tekið að ráði, ef þær væru íslenskar. Og þeim sem nokkuð skilja til muna í sögu íslensku þjóðarinna, mun jafnvel þykja ekki ólíklegt, að úr tiltekinni átt mundu slíkar hugsanir mæta mjög megnri óvild, og að til mundu vera þeir menn, og þeir eigi allfáir, sem þætti miklu skemmtilegra að hugsa sér, að Íslendingur, sem hefði varið ævi sinni til undirbúnings slíku verki, væri heldur vitfirringur en vitringur.

II

Svo mjög mikið liggur við, að sannindi þau, sem um ræðir, séu þegin, að menn læri að færa sér þau í nyt, að vér hljótum að vera mjög ófúsir á að sleppa allri von um, að svo geti orðið, jafnvel þó að þeim sé ekki hér á landi viðtaka veitt fyrst. Og er mín helst von sú, að þessar sömu uppgötvunarir kunni að verða gerðar í útlöndum, og þar öðlast þá athygli, sem nauðsynleg er. Styðst sú von við ekki allfá dæmi í sögu vísindanna, þar sem koma til greina einmitt ýmsar þær uppgötvunarir, sem helst hafa orðið til að auka skilning mannkynsins á heimi og lífi. Þá hugsun, sem Newton varð svo frægur fyrir, að falllögumál það sem Galilei hafði uppgötvað, sé raunar alheimslögmál, sem stjórnar gangi himintunglanna, hafði Robert Hooke hugsað á undan honum. Mjög frægt er það, hvernig spekingurinn Kant hugsaði sér að sólhverfið væri til orðið. En á undan honum hafði Swedenborg hugsað mjög líkar hugsanir um sama efni. Og svo ég snúi mér að líffræðinni. Lamarck hafði fengið prent að mjög merkilegt rit um uppruna tegundanna, nokkrum áratugum áður en hin langtum frægari bók Darwins „Um uppruna tegundanna“ kom út; en rétt áður hafði A. R. Wallace hugsað jafnvel sumar þær sömu hugsanir, sem helst einkenndu verk Darwins.

III

Þessi von míni, sem ég hefi nú látið í ljós, virðist því ekki óskynsamleg. Og vitanlega eru hér til þeir gáfu- og lærdómsmenn, að merkilegum uppgötvunum mundi verða vel tekið, þegar þær kæmu frá útlöndum, og þær mundu ekki verða látnar gjalda þess, að frumupptökin væru íslensk. Og þeir sem annars hafa nokkuð reynt til að skilja mig — en þeir eru færri ennþá en síðari tíma mönnum mun þykja líklegt — verða ekki í neinum efa um, að mér mundi vera það mikið gleðiefni að sjá hina réttu kenningu um eðli drauma, setta fram í einhverju útlendu riti, jafnvel þó að míni væri þar að engu getið. En uppgötvunin á eðli draumlífsins mundi fljótt leiða til skilnings á því, hvernig fāra má líffræðina út til stjarnanna, og hver nauðsyn er á því, að það verði gert. En hún er svo mikil, að án þess verður ekki breytt um hér á jörðu frá helstefnu til lífstefnu.

Sir. Francis Younghusband, göfugmenni mikið, sem nú er dáinn fyrir skömmu, og ví sindabiskupinn dr. Barnes í Birmingham, hafa látið í ljósi mikinn áhuga á lífinu á stjörnunum. En þar hefir ekki getað orðið nein framför, af því að þessum ágætu mönnum duldist alveg, hvernig ví sindalega má taka á þessu máli. Þá grunaði ekki, að lykilinn, sem ekki verður án verið, er að finna í skilningnum á eðli draumlífsins, sem einnig gerir það að verkum, að fyrirburðir spíritismans hætta að vera dularfullir, og að vér getum í ritum spíritista öðlast ýmsan fróðleik um lífið á öðrum jörðum alheimsins, og þar með á lífinu eftir dauðann, ef aðeins er lesið nógu greindarlega.

9. júní 1945